

Fundur í trúnaðarráði 22. maí 2018

Dagskrá:

1. Kosning samninganefndar FVSA.
Samþykkt að trúnaðarráð félagsins skipi samninganefndina.
2. Undirbúningur að kröfugerð vegna komandi kjarasamninga.
Formaður gerði grein fyrir hugmynd að skoðanakönnun meðal félagsmanna varðandi kröfur í komandi kjarasamningum.
3. Kosning á formanni kjörstjórnar.
Í kjörstjórn eru Helga Eymundsdóttir og Harpa Þorvaldsdóttir, til vara eru Eydís Bjarnadóttir og Jónas Sveinsson. Samþykkt að Elín Anna Guðmundsdóttir verði formaður.
4. Önnur mál.
Vorferð trúnaðarmanna og fulltrúa í stjórnnum og ráðum FVSA 1. júní kynnt og fólk hvatt til að mæta.
Formaður sagði frá náminu „Ungir leiðtogar“ sem Margrét Júlía Óladóttir tekur þátt í og fer það fram bæði í Reykjavík og Brussel.
Formaður sagði frá þingi ASÍ-ung 14.-15.september, fulltrúaráðsfundi AN 28. september og þingi ASÍ í Reykjavík 24.-26. október.